Reglugjörð

fyrir Strandasýslu, um refaeyðingar, fjallskil og fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu **gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22 marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóv. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eftirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ,

sem hefir inni að halda breytingar á reglugjörð fyrir Strandasýslu, 14. júlí 1893; um refa eyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld og fleira, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1898.

1. gr.

Fyrir að finna gren getur hreppsnefnd greitt allt að 4 króna þóknun, er henni þykir ástæða til þess. En fyrir að tilkynna hreppsnefnd eða ráðnum skotmanni, að gren sje fundið, skal jafnan greiða hæfilega þóknun.

Þá er hreppsnefndinni þykja sjerstakar ástæður til þess, hefir hún heimild til að ráða menn til grenjaleita og launa þeim fyrirhöfn sína úr sveitarsjóði, skal skotmaður ávallt vera með í slíkri leit.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að heita verðlaunum fyrir að vinna bitvarg og greiða þau úr sveitarsjóði.

1. og 6. gr. í hinni núgildandi reglugjörð 14. júlí 1893, eru hjer með úr gildi felldar.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 14. júlí 1898.

J. Havsteen.

Styrkur úr landssjóði.

29. ágúst var samkvæmt auglýsingu landshöfðingja 28. oktbr. 1893 (Stj.tíð. 1893 B. bls. 136—138) úthlutað styrk þeim, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899 til eptirnefndra 105 búnaðarfjelaga, sem sent höfðu bónarbrjef til landshöfðingja í tæka tíð og að öðru leyti fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndri auglýsingu, svo sem hjer segir:

A. Búnaðarfjelög í Suðuramtinu.

	Nöfn búnaðarfjelaganna	Dagsverk tekin til greina	Styrkur kr. a.
1.	Jarðræktarfjelag Reykjavíkur	1696	545 90
2.	Búnaðarfjelag Seltjarnarneshrepps	589	189 60
3.	—— Garðahrepps	501	161 26
4.	—— Vatnsleysustrandarhrepps	1557	501 20
5.	—— Mosfells- og Kjalarneshrepps	1399	450 30
6.	—— Kjósarhrepps	1061	341 50
7.	Búnaðarfjelag Njarðvíkurhrepps	299	96 24
8.	—— Hraungerðishrepps	160	51 50
9.	—— Villingaholtshrepps	814	262 00